

Aðalfundur Hvetjanda hf.

Aðalfundur Hvetjanda hf. eignarhaldsfélag vegna rekstrarársins 2021, verður haldinn mánudaginn 19. desember 2022, kl. 13:00. Fundurinn verður haldinn í gegnum tölvuforritið Teams.

Dagskrá fundarins er samkvæmt samþykktum félagsins:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda eða skoðunarmanna félagsins til samþykktar.
3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur eða skoðunarmenn.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna og skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
6. Tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Hluthafar munu fá í tölvupósti hlekk til að geta tengst fundinum.

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2021 fylgir fundarboði.

Bolungarvík 3. desember 2022

f.h. stjórnar Hvetjanda hf. eignarhaldsfélag

Jón Páll Hreinsson, formaður stjórnar